

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 1990

22. nóvember 1990

1211

Nr. 444

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 586, 19. desember 1989,
um veiðar á úthafsrækju.

1. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Velji loðnuskip botnfiskeiðileyfi skal því auk aflamarks í botnfiski úthlutað rækjuaflamarki er nemur 1 lest af rækju fyrir hverjar 4 lestir af botnfiskaflamarki skips í þorskígildum talið.

Velji loðnuskip rækjuveiðileyfi skal því úthlutað sama rækjuaflamarki og skipinu var úthlutað 1989 auk 10% viðbótar skv. rg. nr. 336/1990 eða viðbótar er nemur 1 lest af rækju fyrir hverjar 4 lestir af botnfiskaflamarkskosti skips í þorskígildum talið hvort sem herra reynist. Að auki skal þessum skipum úthlutað 90 lestum af botnfiski í þorskígildum talið, er skiptist á einstakar tegundir að vali viðkomandi útgerðar.

2. gr.

2. og 3. málslíður 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Botnfiskaflamark þetta skal þó aldrei vera lægra en 165 lestir í þorskígildum talið fyrir skip skv. 1. og 2. tl. og 85 lestir fyrir skip skv. 3. og 4. tl. 2. mgr. þessarar greinar. Útgerðir skipa sem sæta lágmarksaflamarki af botnfiski skulu velja hvernig það skiptist á einstakar tegundir.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. nóvember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

20. nóvember 1990

Nr. 445

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til
leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989.

1. gr.

3. tl. 8. gr. reglugerðar nr. 308/1989 orðist svo:

Á félagssvæði Bílstjórafélags Akureyrar, sem er Akureyri. Hámarkstala er 25 fólksbifreiðar.